

# Tækjaábyrgð

Skilmáli E-23

Í skilmála þessum þýðir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

Um váttrygginguna gilda váttryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framur ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

## 1. gr. Hið váttryggða – hver er váttryggður ?

- 1.1 Váttryggingin tekur til tækis þess sem tiltekið er á váttryggingarskírteini.
- 1.2 Váttryggingin gildir gagnvart upprunalegum eiganda tækis og öðrum þeim sem síðar kunna að eignast tækið á löglegan hátt.

## 2. gr. Landfræðilegt gildissvið - váttryggingartímabil

- 2.1 Váttryggingin gildir um allan heim.
- 2.2 Váttryggingin tekur til tjóna sem verða á hinu váttryggða innan þess váttryggingartímabils sem tiltekið er í váttryggingarskírteini.

## 3. gr. Bótasvið

Váttryggingin bætir tjón sem stafar af:

- 3.1 skyndilegum og óvæntum óhöppum í notkun, flutningi eða geymslu;
- 3.2 innri vélrænum bilunum;
- 3.3 innbroti.

## 4. gr. Undanþágur frá bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- 4.1 sem stafa af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu eða röngu viðhaldi, form eða litabreytingum;
- 4.2 sem stafar af vinnslu, uppsetningu, viðgerð eða viðhaldi;
- 4.3 sem kauparéttarleg krafa tekur til svo sem ábyrgð eða önnur skuldbinding framleiðanda, heildsala, smásala, viðgerðarmanns eða annars aðila og fylgir tækinu við kaupin eða fylgir samkvæmt lögum, reglugerð eða ábyrgðaryfirlýsingum;
- 4.4 sem verður er váttryggður gleymir hlut, týnir hlut eða skilur eftir á almenningssvæði.

## 5. gr. Varúðarreglur

- 5.1 Váttryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.

- 5.2 **Varúðarregla: Váttryggðum ber að sýna eðlilega aðgát við vörslu hins váttryggða hlutar. Váttryggðum ber að læsa tryggilega hýbýlum, bifreiðum, bátum, loftförum og öðrum sambærilegum geymslustöðum þegar þessir staðir eru mannláusir og/eða án eftirlits og sjá til þess á allan hátt að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að hinu váttryggða.**

## 6. gr. Óbeint tjón

Váttrygging þessi bætir ekki neins konar óbein eða afleidd tjón svo sem afnotamissi, afhendingardrátt vöru eða kostnað við að taka niður tæki eða setja upp.

## 7. gr. Uppgjör bóta

- 7.1 Váttryggingin greiðir sanngjarnan kostnað við viðgerð á hinu váttryggða eða það er bætt með nýju tæki, sömu tegundar eða gerðar, eða ef það er ekki hægt, með samsvarandi tæki. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða hvort gera skuli við tæki eða hvort það skuli bætt með nýju samsvarandi tæki. Váttryggðum ber að fara með hið váttryggða tæki til viðgerðaraðila sem félagið bendir á eða samþykkir.
- 7.2 Ekki er dregið frá tjónskröfu verðmætarýrnun sökum aldurs eða notkunar.
- 7.3 Ef hinn váttryggði býr innan við 50 km. frá þjónustustað og hið váttryggða tæki er það stórt að ósanngjarnt er að hann verði að flytja það sjálfur á verkstæði greiðir félagið kostnað við við slíkan flutning eða aukakostnað vegna útkalls viðgerðarmanns á staðinn þar sem hið váttryggða tæki er staðsett.

## 8. gr. Endurgreiðsla iðgjalds - uppsögn

- 8.1 Verði hið váttryggða fyrir altjóni og félagið afhendir annað tæki sambærilegt hinu fyrra fellur váttryggingin niður án endurgreiðslu iðgjalds. Kaupa verður nýja váttryggingu fyrir hið nýja tæki.
- 8.2 Váttrygging þessi er keypt fyrir tiltekið váttryggingartímabil og getur váttryggingartaki ekki sagt upp váttryggingunni á váttryggingartímanum. Félagið endurgreiðir ekki iðgjald vegna sölu tækisins enda fylgir váttryggingin tækinu sbr. gr. 1.2.

## 9. gr. Samsöðum

- 9.1 Ef hið váttryggða er til einkaafnota er félaginu heimilt að bera fyrir sig að maki eða sambúðarmaki váttryggðs hafi brotið gegn ákvæðum váttryggingarinnar skv. reglu b-liðar, 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 9.2 Ef hið váttryggða er notað í atvinnustarfsemi getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna váttryggðs sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2019